

3356. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 25. október 2018 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakef Óskarsdóttir aðalmaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1801190 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018

172. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023

173. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023

27. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - tillaga til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsögn og senda til nefndasviðs Alþingis varðandi samgönguáætlun.

Lagt fram.

2. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2023

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2023.

Sigurður Páll Harðarson, Jóhann Þórðarson og Þorgeir Hafsteinn Jónsson sitja fundinn undir þessum lið.

Yfirlit lagt fram.

Fyrirhugaður er vinnufundur bæjarstjórnar miðvikudaginn 31. október næstkomandi um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar og er afgreiðslu málsins frestað.

3. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar.

Sigurður Páll Harðarson, Jóhann Þórðarson og Þorgeir Hafsteinn Jónsson, sitja fundinn undir þessum lið.

Umræður um vinnulag o.fl.

Bæjarfulltrúi RÓ vikur af fundi vegna veikinda og bæjarfulltrúi ÓA tekur sæti á fundinum og tekur þátt í afgreiðslu þeirra mála sem hér koma á eftir.

Lagt fram.

Vinnu við gerð fjárhagsáætlunar verður framhaldið á aukafundi bæjarráðs fimmtudaginn 1. nóvember næstkomandi.

4. 1810051 - Fasteignaskattur á Akranesi

Fasteignaskattur á Akranesi.

Sigurður Páll Harðarson, Jóhann Þórðarson og Þorgeir Hafsteinn Jónsson sitja fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

Vinnu við gerð fjárhagsáætlunar verður framhaldið á aukafundi bæjarráðs fimmtudaginn 1. nóvember næstkomandi.

5. 1810193 - Staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga fyrir 2018 og 2019

Hag- og upplýsingasvið hefur gefið út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga fyrir árin 2018 og 2019. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að útsvarsstofninn hækki að meðaltali á öllu landinu um 7,2 % á milli ára 2018 og 2019.

Sigurður Páll Harðarson, Jóhann Þórðarson og Þorgeir Hafsteinn Jónsson sitja fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

Vinnu við gerð fjárhagsáætlunar verður framhaldið á aukafundi bæjarráðs fimmtudaginn 1. nóvember næstkomandi.

6. 1809206 - Þroskahjálp Húsbýggingasjóður - samningur um uppbyggingu

Drög að samkomulagi við Landssamtökin Þroskahjálpar vegna úthlutunar á lóð að Beykiskógum 17, Akranesi. Samkomulagið felur í sér að Húsbýggingasjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar (Húsbýggingasjóður) mun sækja um og Akraneskaupstaður úthluta sjóðnum lóð að Beykiskógum 17 í því skyni að reisa þar leiguíbúðir ætlaðar fötluðu fólki, ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Velferðar- og mannréttindaráð hefur tekið málið til umfjöllunar á fundum sínum og vísar drögum að samkomulagi til bæjarráðs.

Afgreiðslu málsins var frestað á fundi bæjarráðs þann 10. október síðastliðinn og málið því lagt fyrir að nýju.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið efnislega og felur bærstjóra úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar að Beykiskógum 17 til Þroskahjálpar og að veita Þroskahjálpar stofnframlag (12% af byggingarkostnaði) samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir vegna byggingu íbúða ætlaðar fötluðu fólki ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa.

Gert er ráð fyrir að Þroskahjálpar sækji um stofnframlög frá Akraneskaupstað og ríkinu nú í lok október með umsókn til Íbúðarlánasjóðs. Áætlaður byggingarkostnaður er um 160 mkr. og stofnframlag Akraneskaupstaðar (12%) um 19,2 mkr. en þar af eru gatnagerðargjöld um 11,8 mkr.

Akraneskaupstaður skilyrðir stofnframlagið við endurgreiðslu sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 en fallist ríkið á ósk félagsins um að falla frá endurgreiðslu á sínum hluta áskilur Akraneskaupstaðar sér rétt til að taka málið á ný til ákvörðunar.

Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun 2018 og að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa (beint framlag að fjárhæð 7,4 mkr.) í fjárhagsáætlun ársins 2019 og vegna tímabilsins 2020 til 2022. Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar staðfestingar.

7. 1810137 - Asparskógar 18 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Ferrum fasteigna ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 18. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.

8. 1809192 - Fagrilundur 7 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Ingimars Ólafssonar um byggingarlóð við Fagralund 7. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.

9. 1810222 - Þjónustukönnun sveitarfélaga 2018 - Gallup

Erindi Gallup um árlega þjónustukönnun stærstu sveitarfélaga landsins. Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri á stjórnsýslu- og fjármálasviði situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir þátttöku í þjónustukönnun Gallup líkt og undanfarin ár. Kostnaðinum, samtals að fjárhæð 1,0 mkr verður ráðstafað af liðnum 20830-4990.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu erindisins í samræmi við umræður á fundinum.

10. 1801138 - Búnaðar- og áhaldakaup 2018 - tækjakaupasjóður

Beiðni um fjárveitingu úr tækjakaupasjóði Akraneskaupstaðar frá annars vegar Grundaskóla og hins vegar Leikskólanum Vallarseli.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun úr tækjakaupasjóði:

1. Grundaskóli, fjárhæð kr. 738.000, vegna kaupa á gólfþvottavél.
2. Vallarsel, fjárhæð kr. 1.730.000, vegna kaupa á búnaði.

Kostnaði vegna ráðstöfunarinnar verður mætt af liðum 20830-4660 (kr. 738.000) og 20830-4990 (kr. 1.730.000).

11. 1810147 - Körfuknattleiksfélag Akraness - Umsókn um styrk

Erindi Körfuknattleiksfélags Akraness um styrk gegn uppsetningu á skilti í íþrótt húsinu á Vesturgötu, sambærilegu skilti og er á Norðurálsvellinum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

12. 1803083 - Stytting vinnuvikunnar

Tillaga starfshóps um framkvæmd að verkefninu um styttingu vinnuvikunnar hjá Akraneskaupstað.

Bæjarráð samþykkir tillögur starfshópsins og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Gert verður ráð fyrir útgjöldum, samtals að fjárhæð kr. 12,5 mkr. vegna verkefnisins í fjárhagsáætlun 2019.

Bókun bæjarfulltrúa ÓA:

ÓA styður tilraunaverkefnið en minnir á að í upprunalegu erindisbréfi var ekki gert ráð fyrir að verkefnið hefði í för með sér aukin útgjöld fyrir Akraneskaupstað.

19. 1612106 - Guðlaug - heit laug

Rekstraráætlun vegna Guðlaugar við Langasand.

Bæjarráð samþykkir fjárveitingu til rekstur Guðlaugar 2019 ásamt tillögu að opnunartíma. Málinu er vísað til umsagnar hjá skóla- og frístundaráði.

20. 1810245 - Borgar Sig AK 066 - forkaupsréttur

Beiðni Útgerðarfélagssins Upphaf ehf. um yfirlýsingu um afsal á forkaupsrétti Borgar Sig AK 066.

Bæjarráð fellur frá forkaupsrétti sveitarfélagsins sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en núverandi lagaumhverfi tryggir sveitarfélögum einungis forkaupsrétt að fiskiskipum en ekki að þeim aflaheimildum sem kunna að fylgja viðkomandi fiskiskipi.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.

Eisa Lára Arnar dættir
 Valgætur G. Jónsson
 Duffleg
 Sem freyr kríksal

Sumar Adalgron